



Fréttatilkynning

01 July 2021 14:28:00 GMT

Samið um kaup Rapyd á Valitor fyrir 12,3 milljarða króna

- Rapyd kom fyrst inn á íslenskan markað árið 2020
- Kaupin styrkja stöðu Rapyd á Íslandi til muna
- Ísland verður þungamiðja í starfsemi Rapyd í Evrópu
- Kaupin eru gerð með fyrirvara um samþykki eftirlitsaðila
- Arion banki gerir ráð fyrir að færa til tekna 3,5 milljarða króna eftir skatta vegna sölunnar

Alþjóðlega fjártækni félagið [Rapyd](#) og Arion banki hafa komist að samkomulagi um kaup Rapyd á Valitor hf. Valitor er leiðandi fyrirtæki hér á landi á sviði greiðslulausna og er kaupverð 100 milljónir bandaríkjadala eða 12,3 milljarðar íslenskra króna. Gert er ráð fyrir því að kaupin klárast í lok þessa árs en þau eru gerð með fyrirvara um samþykki eftirlitsaðila.

Áhrif viðskiptanna á fjárhag Arion banka verða jákvæð því bankinn gerir ráð fyrir að færa til tekna rúmlega 3,5 milljarða eftir skatta, sem er munur á söluverði og bókfærðu virði félagsins að frádregnum sölukostnaði. Þá áætla bankinn að umfram eigið fé hækki um 8 til 11 milljarða króna.

Valitor er vel þekkt greiðsluþjónustufyrirtæki og hefur verið leiðandi í færsluhirðingu, bæði í netgreiðslum og posaviðskiptum, sem og kortaútgáfu í Evrópu. Félagið býður upp á greiðslulausnir til söluaðila á Íslandi, Bretlandi og Írlandi og um alla Evrópu. Kaupin á Valitor munu auka vöruframboð Rapyd í Evrópu.

Viðskiptavinir Valitor munu ekki verða fyrir neinni röskun á þjónustu vegna kaupanna og eiga brátt að hafa aðgang að greiðsluleiðum og fjártækniþjónustu Rapyd sem ætla að vinna náið með íslenskum viðskiptavinum í því skyni að greiða þeim leið að næstu kynslóð greiðslulausna og gera þeim þannig kleift að auka viðskipti sín erlendis.

Arik Shtilman, forstjóri Rapyd og stofnandi:

„Ísland hefur í lengri tíma verið í forgrunni hvað varðar notkun á rafrænum greiðslumiðlum og nýsköpun, en hér er mikið af hæfileikaríku fólki og þróaður greiðslumarkaður. Við hyggjumst halda áfram að byggja upp starfsemi hér og halda áfram að fjárfesta á Íslandi. Við erum að gera Ísland að miðstöð greiðslumiðlunar samstæðunnar fyrir Evrópu og stefnum á að verða einn stærsti alþjóðlegi vinnuveitandi landsins“.

**Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka:**

„Það hefur verið markmið okkar um nokkurt skeið að finna Valitor nýja eigendur sem henta félaginu vel og teljum við að það hafi tekist með þessum samningum. Rapyd er í fararbroddi þegar kemur að nýjungum og nýsköpun á sviði greiðslumiðlunar og passa félögin einstaklega vel saman og bæta í raun hvort annað upp. Ég þakka starfsfólki Valitor fyrir frábært samstarf á undanförunum árum og óska þeim velfarnaðar á þeirri spennandi vegferð sem framundan er, nú sem hluti af Rapyd samstæðunni.“

Herdís Fjeldsted, forstjóri Valitor:

„Kaup Rapyd á Valitor marka tímamót í langri sögu Valitor og greiðslumiðlunar á Íslandi. Við hjá Valitor erum full tilhlökkunar að vinna með nýju fólki, Arik og starfsfólki Rapyd, við að samþætta starfsemi félaganna og grípa þau tækifæri sem samþættingin felur í sér, bæði fyrir félagið og viðskiptavinum þess.“

Um Rapyd

Rapyd er fljótlegasta leiðin til að taka við greiðslum um allan heim. Fyrirtækið auðveldar söluaðilum aðgengi að mörkuðum víðsvegar um heim. Með því að nýta fjártæknilausnir Rapyd geta söluaðilar og viðskiptavinir þeirra notfært sér alþjóðlegar og staðbundnar greiðslulausnir á öllum mörkuðum. Rapyd býður upp á rúmlega 900 greiðslulausnir í yfir 100 löndum. Hluthafar félagsins eru m.a. Stripe, General Catalyst, Oak HC/FT, Tiger Global, Durable Capital, Target Global, og Tal Capital. Frekari upplýsingar um félagið og uppbyggingu fjártækniþjónustu félagsins má finna á www.rapyd.net, [bloggi](#) félagsins, [LinkedIn](#) eða [Twitter](#).

Um Arion banka

Arion banki þjónar heimilum, fyrirtækjum og fjárfestum og leggur sérstaka áherslu á að uppfylla þarfar þeirra viðskiptavina sem þurfa fjölbreytta fjármálaþjónustu. Þjónustusvið bankans eru þrjú: viðskiptabankasvið, fyrirtækja- og fjárfestingarbankasvið og markaðir. Dótturfélögin Stefnir og Vörður auka enn frekar þjónustuframboð bankans. Stefnir er eitt stærsta sjóðastýringafyrirtæki landsins og Vörður tryggingar býður upp á skaða- og líftryggingar og er það tryggingafélag á Íslandi sem er í hröðustum vexti. Nánari upplýsingar á www.arionbanki.is

Um Valitor

Valitor var stofnað 1983 og er alþjóðlegt greiðslulausnafyrirtæki sem hefur það meginmarkmið að auðvelda kaup og sölu á vöru og þjónustu. Nánari upplýsingar á www.valitor.is.

Ráðgjafar:

Macquarie Capital, Logos og Mörkin voru Arion banka til ráðgjafar og Gornitzky, PwC, Jakob Ásmundsson og BBA / Fjeldco voru Rapyd til ráðgjafar.



Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s. 856 7108.

Þessar upplýsingar eru birtar í samræmi við upplýsingaskyldu Arion banka hf. skv. reglugerð Evrópusambandsins um markaðssvik (MAR), þann 2021-07-01 14:28 GMT.

Viðhengi

[Samið um kaup Rapyd á Valitor fyrir 12,3 milljarða króna](#)